

Fundargerð 29. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 12. apríl 2007

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14.30-16.30

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða, Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

Guðný Ragnarsdóttir var fjarverandi vegna veikinda. Sigrún tók að sér fundarstjórn vegna fjarveru Þóru framan af fundi.

- 1. Fundargerð síðasta fundar** var lögð fram og samþykkt.
- 2. Erindisbréf.** Stjórn Landskerfis er nú að endurskoða erindisbréf skráningarráðs og til stendur að efnisorðaráð fái einnig sitt erindisbréf. Líklegt er að stjórnin muni afgreiða þetta á næsta stjórnarfund. Næsti fundur skráningarráðs verður í lok maí en það er 30. fundur ráðsins. Sigrún greindi einnig frá því að æskilegt væri að koma á laggirnar framkvæmdaráði sem í ættu sæti: sérfræðingur Landskerfis, ritstjóri Gegnis og formenn skráningar- og efnisorðaráða.
- 3. Gegnir.is, endurskoðun.** Sigrún lagði fram skjal (fskj. 1) sem lýsti nýjum Gegni.is í meginráttum. Rýnihópar eru nú að störfum við að skoða hina ýmsu þætti. Góð þátttaka er í þessu starfi og niðurstaða verður birt á fundi Aleflis þann 4. maí n.k. Meðal annars er stefnt að:
Leitarniðurstöður verði skilvirkari – Samþættingu við önnur kerfi –
Millisafnalán verði bætt – Hjálpin verði tekin í gegn –
Leitin bætt – Útlitið er talið nokkuð gott en laga á flæðið.
- 4. SVUC.** Sigrún og Sveinbjörg, framkvæmdastjóri Landskerfis, fóru á ráðstefnu hjá SVUC (Scandinavian Virtual Union Catalog) í Kaupmannahöfn dagana 22. og 23. mars 2007.
Umræður snerust einkum um Web opac og Bibliotek DK.
Margt kom þarna áhugavert fram og margt sem við gætum haft til fyrirmyndar í okkar starfi við Gegni. Væntanleg er birting fundargerðar frá ráðstefnunni.
- 5. Skráningarheimildir.** Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis, hefur nú umsjón með skrásetjara sem verið hefur til umfjöllunar, sbr. fyrri fundargerðir. Hún telur það mál vera í réttum farvegi. Skrásetjari er ósáttur við meðhöndlun ráðsins en er ekki á móti því að fá leiðbeiningar.
- 6. Skráning leikhandrita.** Hildur lagði fram skjal (fskj. 2) með reglum og dæmum sem unnið hefur verið fyrir skrásetjara Listaháskólans til að styðjast við í skráningu leikhandrita, sbr. erindi þess efnis á síðasta fundi. Þessi skráning er góð viðbót í Gegni, þar kemur fram ýmislegt efni sem fólk hefur ekki haft aðgang að áður.

- 7. Vinnuhópar um MX og CF.** Hulda og Fanney greindu frá störfum hópa sem vinna að skráningarleiðbeiningum fyrir formin MX og CF. Stefnt er að því að fullbúnar leiðbeiningar frá hópunum verði tilbúnar til skoðunar á næsta skráningarráðsfundi.
- MX hópur hefur aðallega unnið með skráningu á spilum, leikföngum og “gagnasettum” en CF hópur unnið með skráningu á tölvuleikjum og tungumálanámskeiðum (sem margmiðlunarefni) að viðbættum hljóðbókum. Tungumálanámskeiðin eru á nokkrum formum og skarast þess vegna á milli hópa. MX hópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að MX formið henti afar illa fyrir tungumálanámskeið. Best hefði verið að þau fengju sitt eigið format en það er talið erfiðleikum bundið að leggja út í slíkt. (Fskj. 3)
- 8. Back to basics.** Hildur lagði fram skjal (fskj. 4) um skráningarráðstefnuna “Cataloguing 2007: Back to Basics – and Flying into the Future” sem haldin var á Grand hótél, Reykjavík, 1. og 2. febrúar. Þar var greint frá framtíðarsýn varðandi skráningu gagna í bókasafnskerfi, leitarheimtúr og framsetningu upplýsinga. Ráðstefnan stóð undir sér, var mjög vel sótt og ákaflega vel heppnuð. Ráðstefnuna sóttu 220 manns frá 27 löndum. Aðgangur að dagskrá og kynningarefni fyrirlesara er á vef ráðstefnunnar <http://www.congress.is/cataloguing2007/>
- 9. Önnur mál.** Fanney bar upp þá fyrirspurn hvenær fara ætti að huga að FRBR - seringu í Gegni.

Fundi slitið um kl. 16.30